

5
14. jan.

Samþykkt

um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga.

1. gr.

Þegar einhver óskar að fá leigða lóð, sem er eign bæjarsjóðs, til að byggja á henni íbúðarhús, skal lóðin, ef bæjarstjórnin vill leigja hana, látin á leigu með þeim kjörum, sem fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Lóðin skal látin á leigu til 75 ára, og sje leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurjett sinn, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á lóðinni verða gerð, svo og rjett sinn til endurgjalds úr húsfyrningasjóði, samkv. 6. gr. Rjettur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefir undirgengist gagnvart lóðareiganda með leigusamningnum.

Ef hentugt þykir að leigja einstakar lóðir til styttri tíma en 75 ára, til þess að leigutími allra lóða í sömu lóðabyrpingu endi á sama ári, getur bæjarstjórnin ákveðið styttri leigutíma en 75 ár fyrir slíkar lóðir.

Leigutaki skal hafa byrjað á byggingu íbúðarhúss á leigulóðinni eigi síðar en 12 mánuðum eftir dagsetningu leigusamnings, og hafa húsið fullgert og íbúðarhæft eigi síðar en 2 árum eftir dagsetningu leigusamnings, ellá fellur samningurinn úr gildi.

3. gr.

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða verða á hina leigðu lóð, þar á meðal lóðargjald til bæjarsjóðs, eftir sömu reglum sem eigendur byggingarlóða í bænum. Verði skattar eða gjöld miðuð við verðmæti lóða, skal ákveða verðmæti leigulóðarinnar á sama hátt sem verðmæti annara lóða í kaupstaðnum í sama skyni.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi og stimpilgjald svo og kostnað við matsgjörð samkv. 4. gr. a.

4. gr.

Leigutaki skal greiða ársleigu af lóðinni, sem ákveðst þannig:

a) $4\frac{0}{10}$ af verðmæti lóðarinnar, eins og það verður ákveðið með matl samkv. lögum nr. 59, 3. nív. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, og skal matið framkvæmt áður en leigusamningur er gerður, en eigi vera þá eldra en 6 mánaða.

b) Gjald, sem miðað sje við verðmæti húss þess eða húsa þeirra, er hann byggir á lóðinni, og reiknast samkvæmt töflu þeirri, sem sýnd er í 5. gr. samþykta þessarar. Bruna-bótavirðing á húsinu fullgerðu og íbúðarhæfu skal skoðast rjett ákvörðun á verðmæti hússins, er hún hefir hlotið samþykki bæjarstjórnar.

Nú endurbætir leigutaki eða sá, sem öðlast hefir leigurjett hans, húsið, eða byggir

önnur hús á hinni leigðu lóð, og skal þá ákveða gjald það, er um ræðir í þessum lið, að nýju, 5 þannig, að það samantlagt við gjald það, sem þegar hefir verið greitt, nægi til þess að fyrna 14. jan. hús það eða hús þau, sem nú eru á lóðinni, á því, sem eftir er leigutímans, á þeim grundvelli, sem taflan í 5. gr. gerir ráð fyrir. Brunabótavirðing, samþykkt af bæjarstjórn, skal einnig í þessum tilfellum skoðast sem rjett ákvörðun á verðmæti hússins eða húsanna.

Á sama hátt skal fara að í hvert skifti sem hús á hinni leigðu lóð er endurbyggt á lóðinni.

Bæjarstjórnin getur sett nánari reglur um útreikning gjalds þessa, þó svo að ekki sje vikið frá þeim grundvelli, er hjer var ákveðinn.

5. gr.

Tafla,

er sýnir, hvaða gjald skuli greiða árlega samkvæmt 4. gr. b. af hverjum 1000 krónum af virðingarverði húsa, þegar eftir eru af leigutímanum, þá er húsið er virt, 1—75 ár:

Ára fjöldi	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
0	0.00	1000.00	490.20	320.36	235.48	184.63	150.76	126.61	108.53	94.49
10	83.29	74.15	66.55	60.14	54.67	49.94	45.82	42.20	38.99	36.14
20	33.58	31.28	29.20	27.31	25.58	24.01	22.57	21.24	20.01	18.88
30	17.83	16.86	15.95	15.10	14.31	13.58	12.89	12.24	11.63	11.06
40	10.52	10.02	9.54	9.09	8.66	8.16	7.88	7.52	7.18	6.86
50	6.55	6.26	5.98	5.72	5.47	5.23	5.00	4.79	4.59	4.39
60	4.20	4.02	3.85	3.69	3.54	3.39	3.25	3.12	2.99	2.86
70	2.74	2.63	2.52	2.42	2.32	2.23				

6. gr.

Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutímanum leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús það eða hús þau, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram, skal leigutaki, taka burtu öll hús og ofanjarðar-mannvirki af leigulóðinni. Jafnframt fær hann endurgoldið úr húsfyrningasjóði verðmæti hússins eða húsanna, eins og metið verður til notkunar í lok leigutímans af sjerstakri matsnefnd, þó aldrei með hærri upphæð en húsið var virt upprunalega eða eftir endurbyggingu og gjald samkvæmt 4. gr. b. er miðað við.

Ryðji leigutaki ekki lóðina innan frests, sem bæjarstjórnin setur, má bæjarstjórnin láta gera það og greiða kostnaðinn af endurgjaldi því, sem ræðir um í þessari grein.

7. gr.

Lóðarleigu skal greiða á sömu gjaldögum og önnur gjöld til bæjarsjóðs. Leigan samkvæmt 4. gr. a. rennur beint í bæjarsjóð, en gjaldið samkvæmt 4. gr. b. í sjerstakan sjóð. er nefnist »húsfyrningasjóður Reykjavíkurbæjar« og ekki má gera að eyðslufje. Fyrir lóðarleigunni er lögtaksrjettur samkv. lögum frá 16. des. 1885.

Leigutaki og veðhafar eru skyldir að hlíta því, ef lög verða sett ákvæði um að leigan gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

5

14. jan.

Fje það, sem greiðist í húsfyrningarsjóð skal ávaxta tryggilega, og þegar sjóðurinn er að áliti bæjarstjórnar orðinn nægilega stór, skal veita úr honum lán til íbúðarhúsabygginga á leigulóðum bæjarins, gegn veði í húsunum og vöxtum, er ekki sjeu hærri en 5 af hundraði á ári.

Fyrst um sinn og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hefir borgarstjóri á hendi stjórn sjóðsins, en bæjargjaldkeri reikningshald hans.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Reykjavík hefir samið samkvæmt 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 14. jan. 1920.

Sigurður Jónsson,

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

6

15. jan.

um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga.

Atvinnu og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins hefir 15. janúar 1920 gefið út svofelda reglugjörð um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga, samkvæmt lögum nr. 76 frá 14. nóv. 1917.

1. gr.

Bryggjan er í umsjá hreppsnefndarinnar í Ytri-Akraneshreppi. Hún hefir sjerstakan reikning, sem miðast við almanaksár og sje endurskoðaður og úrskurðaður af sömu mönnum og reikningur hreppsins. Hreppsnefndin innheimtir eða lætur innheimta gjöld fyrir notkun bryggjunnar samkvæmt reglugjörð þessari og gerir reikningsskil fyrir þeim, gegn 5% innheimtulaunum. Ársreikningur skal sendur stjórnarráðinu.

2. gr.

Ef árleg gjöld fyrir notkun bryggjunnar brökkva ekki fyrir viðhaldi hennar og viðgerðarkostnaði, greiðist það sem á vantar úr hreppssjóði. Ef reynslan sýnir að bryggjan ber sig ekki fjárhagslega með gjöldum þeim sem ákveðin eru í 3. gr., gerir hreppsnefndin tillögur um hækkun þeirra